

„Verk gömlu meistaranna komu mér á sporið,“

Vilhjálmur Bergsson opnaði í gær sýninguna „Ljós og lífrænar víddir“ í Norræna húsinu

„Margir þykjast sjá í þessum myndum mínum áhrif frá geimferðum, dulspeki, eiturlyfjum og allri þeirri hugleiðslu sem fylgir þeim tímum sem við nú lifum á“, sagði Vilhjálmur Bergsson listmálari, þegar Visir spurði hann hver hefði orðið kveikjan að þeirri tegund myndlistar sem hann hefur lagt stund á undanfarin ár og sýnir nú í Norræna húsinu.

„Mér finnst þetta ekkert fráleitt“, sagði hann. „Ég hef mikinn áhuga á því sem er að gerast í kringum mig. Hins vegar hef ég talsvert kynnt mér verk gömlu meistaranna og tel að meðferð þeirra á ljósi og skugga hafi m.a. komið mér af stað með þetta. Ég byrjaði að fíkra mig áfram með þetta strax árið 1964. Í þeim myndum kemur fram nokkuð hik og þær voru ekki nægilega vel leystar tæknilega. En ég hef þær með hérna til þess að sýna hvernig þetta hefur próast.“


Birta og blæbrigði

Vilhjálmur nefnir sýninguna „Ljós og lífrænar víddir“. Þetta

nafn sagðist hann jafnframt nota yfir list sína, en ekkert eitt fast heiti er enn á þessari tegund myndlistar, enda aðeins örfá ár síðan myndlistarmenn fóru að einhverju ráði að nota birtu og blæbrigði í myndum sínum.

„Hér á landi er þessi list næsta fátíð, en þó hefur aðeins komið hreyfing á það á síðustu árum. Erlendis hef ég víða rekist á þetta, sérstaklega á síðustu tveim til þrem árum, og þá hjá ólíklegustu þjóðum bæði vestan hafs og austan“.

Vilhjálmur stundaði nám í Kaupmannahöfn á árunum 1958-60 og síðan í París til ársins 1962. Hann hefur haldið fjölda einkasýninga og tekið þátt í samsýningum bæði héraendis og erlendis.



Vilhjálmur Bergsson við nokkur verka sinna.

Á þessari sýningu eru nú 46 málverk og er meginhluti þeirra frá síðustu þrem árum. Þetta er sölusýning og er verð mynd-

anna frá 65 þús. til 450 þús. kr. Sýningin verður opin daglega frá kl. 15.00-22.00 fram til 3. október.

Enn er allt í blóma í Listasafni ASÍ



Hjörleifur Sigurðsson forstöðumaður Listasafns ASÍ skipulagði sýninguna í samvinnu við Hrafnhildi Schram listfræðing. Hér er hann við nokkrar blómamyndanna. Ljósmynd: Jens.

Þeir sem ekki hafa enn lagt leið sína í Listasafn ASÍ og skoðað sýninguna „Blómamyndir“ hafa enn tækifæri til þess, því sýningin verður opin í rúma viku til viðbótar, eða til 3. október.

Á sýningunni eru myndir eftir 16 íslenska málara, þá Asgrím Jónsson, Barböru Arnason, Brynjólf Þórðarson, Guðlaug Blöndal, Gunnlaug Scheving, Hörð Agústsson, Jóhannes Kjarval, Jón Stefánsson, Jón Þorleifsson, Júlíönu Sveinsdóttur, Kristínu Jónsdóttur, Magnús Arnason, Ninu Tryggvadóttur, Valtý Pétursson, Vigdís Kristjánsdóttur og Þorvald Skúlason.

Nokkur verkanna eru í eigu Listasafns ASÍ, en flest eru þau fengin að láni hjá einstaklingum og öðrum söfnum. Sýningin er í röð temasýninga sem safnið hefur gengist fyrir, en hafa áður verið haldnar sýningar undir nöfnum „Vinnan“, „Bláar myndir“ og „Hestar í landslagi“.

Sýningin er opin alla daga nema mánudaga kl. 14 til 18 í Alþýðubankahúsinu þriðju hæð.

TEIKNINGAR OG LJÓSMYNDIR


„Litillæti Halldórs Péturssonar er aftur á móti of mikið, að hann nú á sextugsafmæli sínu skuli vera með sína aðra sýningu er ekki nógu gott. Vegna hæfileika sinna hefur hann átt að sýna mun oftar.“

Þetta segir Einar Hákonarson m.a. í Vísir um yfirlitssýningu Halldórs Péturssonar á teikningum sínum.

Góð aðsókn hefur verið að sýningunum að Kjarvalsstöðum en auk teikninga Halldórs eru þar sýndar á annað hundrað litmyndir Gunnars Hannessonar.

Myndir Gunnars eru stækkaðar allt að 30 falt frá upphaflegri filmustærð og er þeim skipt í þrjá flokka, myndir frá

Reykjavík, myndir af hálendi og jöklum Íslands og myndir úr þremur eldgosum.



„Krókusar í snjó“, ein Reykjavíkurmýnda Gunnars Hannessonar.



Hestamyndir eru margar á sýningu Halldórs Péturssonar.

Grafíkmyndir til láns

Listlánadeildin við bókasafn Norræna hússins getur nú lánað út allar þær myndir sem safnið hefur yfir að ráða. Hingað til hafa útlánin takmarkast nokkuð af því að rammaeign listlánadeildarinnar hefur verið af mjög skornum skammti. Nú hefur verið bætt úr því og hafa verið settar upp til sýnis, bæði í anddyri hússins og bókasafni, flestar þær myndir sem enn hafa ekki farið í umferð.

Myndir safnsins eru um 180 norrænar grafíkmyndir, sem Norræna grafíkbandalagið gaf húsinu, en þessar myndir voru valdar á stórrí norrænni yfirlitssýningu á grafík sem haldin var í Bergen vorið 1975.

Myndir safnsins eru um 180 norrænar grafíkmyndir, sem Norræna grafíkbandalagið gaf húsinu, en þessar myndir voru valdar á stórrí norrænni yfirlitssýningu á grafík sem haldin var í Bergen vorið 1975.

Myndirnar eru lánaðar út með sömu kjörum og bækurnar í bókasafni hússins og er öllum heimilt að fá mynd til láns, eigi þeir útlánskort. Lánstími myndar er að öðru jöfnu 30 dagar.